

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 16. október 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi ráðuneytisins á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 11. SEPTEMBER 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 11. september sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

ÁRSUPPGJÖR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA 2014

Ársreikningur

Farið var á ný yfir helstu niðurstöður í ársreikningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014. Gerð var grein fyrir þróun lögbundinna framlaga frá ríki á árinu og uppgjöri framlaganna sem lá fyrir sl. vor. Jafnframt var gerð ítarleg grein fyrir skammtímakröfum og skammtímaskuldum sjóðsins í árslokin 2014.

Endurskoðunarbréf 2014

Lagt var fram til kynningar undirritað bréf Ríkisendurskoðunar, dags. 13. október 2015, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna ársins 2014, afkomu sjóðsins á árinu og fjárhagsstöðu. Í bréfinu er jafnframt gerð grein fyrir fjárheimildum og rekstri, innra eftirliti hjá sjóðnum, endurskoðun efnahags- og rekstrarliða og niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Ekki eru gerðar athugasemdir af hálfu Ríkisendurskoðunar við uppgjörið og er frágangur bókhalds sagður í góðu horfi.

Á grundvelli endurskoðunarinnar var ársreikningur sjóðsins undirritaður með eftirfarandi áritun: „Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.“

Í umfjöllun nefndarinnar um ársuppgjörið var komið inn á mögulega endurskoðun á tölvukerfi sjóðsins sem notað er við útreikninga framlaga til að tryggja enn betur áreiðanleika þeirra.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar vegna uppgjors Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2014 væri samþykkt ásamt ársreikningi sjóðsins.

Þjónustusamningur við innanríkisráðuneytið

Lagður var fram til kynningar þjónustusamningur milli innanríkisráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Um þrjúþættan samning er að ræða sem nær til húsaleigu, ýmiss konar þjónustu og launagreiðslna.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 23. september fór fram kynning á skýrslu KPMG um mögulegan ávinning af flutningi verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til ríkisins.

Á fundinum nú var lögð fram til kynningar yfirlýsing stjórnar Innheimtustofnunarinnar vegna lokaúgáfu skýrslu KPMG um stofnunina frá því í september sl. en þar kemur fram að starfsmenn stofnunarinnar hafi ýmsar athugasemdir fram að færa við efnistöð í skýrslunni.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til að fulltrúi ráðuneytisins í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga væri fenginn á fund ráðgjafarnefndar í nóvember þar sem farið yrði yfir ýmsar tölulegar upplýsingar í tengslum við starfsemi stofnunarinnar.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Áætlun um úthlutun framlaga 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2016, skv. reglugerð nr. 80/2001.

Útreikningur framlaga tekur mið af álagningarstofnum fasteignaskatts sem eru í gildi á árinu 2015 og álagningarhlutföllum þess árs. Á grundvelli reglugerðarinnar er fyrirframgreiðsla framlaganna innt af hendi með fimm jöfnun greiðslum mánuðina febrúar til júní 2016.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí – september á grundvelli upplýsinga frá Fasteignaskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts miðað við 31. desember 2015, afslætti sveitarfélaga á árinu 2016 og álagningarhlutföll á árinu 2016.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 3.812,7 m.kr. á árinu 2016 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Um 10% hækkun er að ræða frá árinu 2015. Ráðstöfunarfjármagnið tekur mið af frumvarpi til fjárlaga 2016 og verður tekið til endurskoðunar þegar fjárlög ársins liggja fyrir.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Tilraunaverkefnið *Hljóðvist í leikskólum*

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. september 2015. Í erindinu er óskað eftir framlagi að fjárhæð 2,0 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli a-liðar 11. gr. reglugerðar um sjóðinn, nr. 960/2010, vegna tilraunaverkefnis sem lýtur að því að bæta hljóðvist í leikskólum landsins.

Verkefnið sem er tilraunaverkefni byggir á bókun með kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara frá árinu 2011 og er unnið í samstarfi við Kennarasamband Íslands, Akureyrarkaupstað, Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Markmið verkefnisins er að finna leiðir til að draga úr hávaða í leikskólum meðal annars með umbótum á húsnæði, leikföngum og fræðslu til starfsmanna. Miðað er við að verkefnið verði framkvæmt í þremur leikskólum á Akureyri og að það hefjist á haustmánuðum 2015 og ljúki ári síðar

Á grundvelli heimildar í a-lið 11. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að beiðni Sambandsins væri tekin til greina og úthlutað væri allt að 2,0 m.kr. til verkefnisins með þeim fyrirvara að skýrsla bærst nefndinni að verkefni loknu og að verkefnið leiði af sér möguleika til þess að það verði nýtt fyrir grunnskólastigið.

Landshlutasamtök sveitarfélaga – verkefni er tengjast sóknaráætlun

Eins og áður hefur komið fram eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árinu 2015 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka sveitarfélaga hvað framkvæmd þeirra

samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og tengjast sóknaráætlun landshluta.

Ráðgjafarnefndin hafði óskað eftir greinargerðum frá samtökunum um þau verkefni sem þau eru að vinna að á árinu og höfðu þær borist frá öllum samtökunum nema einum.

Ítarleg greinargerð hafði nú borist frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og var hún lögð fram til kynningar á fundinum. Fram kom að helstu áhersluverkefni SSNV á árinu væru styrking á frumkvöðla- og sprotastarfsemi á Norðurlandi vestra með aukningu á markaðssetningu. Að verkefnum kæmu fyrirtæki í ferðaþjónustu, landbúnaði, handverki og listsköpun. Til samstarfsverkefnanna á Norðurlandi vestra renna 10 m.kr. á árinu.

Að teknu tilliti til samþykktar ráðgjafarnefndar um óbreyttar úthlutunarreglur á árinu 2015 nemur framlag til SSNV 3.626.820 kr. á árinu. Nefndin lagði til að til greiðslu nú kæmi framlag að fjárhæð 1.500.000 kr. vegna verkefnavinnu. Eftirstöðvar af úthlutuðu framlagi að fjárhæð 2.126.820 kr. kæmu til greiðslu í nóvember.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Fjarðabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Fjarðabyggð, dags 22. september 2015. Í erindinu er vísað til fundar bæjarráðs Fjarðabyggðar sem haldinn var 21. september sl. en þar kom fram það mat ráðsins að óviðunandi væri að ekki sé að fullu greidd 50% kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs í kennslukostnaði vegna þeirra nemenda er stunda tónlistarnám utan síns lögheimilissveitarfélags, sbr.7. gr. reglugerðar nr. 23/2013 um framlög Jöfnunarsjóðs til eflingar tónlistarfræðslu, eins og kveðið sé á um í reglugerðinni.

Í umfjöllun nefndarinnar um erindið kom fram að framlög á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda á grundvelli 1. gr. reglugerðarinnar. Svo hefur verið frá því reglugerðin tók gildi. Hins vegar er ekki víst að framlag sjóðsins nægi til að greiða 50% af raunkostnaði sveitarfélaganna vegna þessara nemenda. Á árinu 2015 er viðmiðunargjaldið 255.826 kr.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

ALMENN FRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Skipulagsbreytingar á rekstri skólastofnana í Bláskógabyggð

Lagt var fram til kynningar erindi frá Bláskógabyggð, dags. 16. september 2015. Í erindinu er gerð grein fyrir breytingum á fyrirkomulagi skólahalds í sveitarfélaginu. Á grundvelli ákvörðunar sveitarstjórnar var Bláskógaskóla 1. ágúst sl. skipt upp í tvær sérstakar skólastofnanir, þ.e. grunnskóla í Reykholti og grunn- og leikskóla á Laugarvatni.

Skoðað verður hvort framangreindar skipulagsbreytingar komi til með að hafa áhrif á útreikning framlaga sjóðsins.

BARNAVERNDARSTOFA

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 7. október 2015. Í erindinu er óskað eftir endurgreiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla vegna kostnaðar við almenna kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður

dregur síðan kennslukostnað vegna nemendanna frá jöfnunarframlögum til viðkomandi lögheimilissveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlag að fjárhæð 3.462.426 kr. kæmi til greiðslu fljótlega.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLK GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins fyrir árið 2015. Fram kom að fyrir lægi að Jöfnunarsjóður fengi framlag á grundvelli fjárukalaga til greiðslu framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Ráðstöfunarfjármagn til greiðslu framlaganna á árinu næmi því 151,4 m.kr. Framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemur 575,0 m.kr. og áætlaðar tekjur af 0,99% hlutdeild af álagningarstofni útsvars á árinu nemur 11.236,0 m.kr. Áætlað ráðstöfunarfjármagn verkefnisins á árinu nemur því 11.962,4 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá nema framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar 151,4 m.kr. eins og fram hefur komið. Ýmiss kostnaður er tengist yfirfærslunni er áætlaður 75,0 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru, orlofs- og helgardvala nema samtals 124,0 m.kr. Framlag til Sambands ísl. sveitarfélaga 15,7 m.kr. og framlag í Fasteignasjóð 433,0 m.kr. Áætlað er að 11.052,5 m.kr. renni til greiðslu almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk og sérstakra viðbótarframlaga. Áætluð gjöld verkefnisins á árinu nema 11.962,4 m.kr. en þar af er óráðstafað 115,8 m.kr. Fram kom hjá nefndinni að nauðsynlegt væri að halda eftir óráðstöfuðu fé ef áætlun um tekjur af staðgreiðslunni gengju ekki eftir.

SÉRSTÖK VIÐBÓTARFRAMLÖG

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 631/2015 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 er heimilt að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, til að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða við rekstur málaflokksins á árinu 2015 umfram tekjur.

Nýjar verklagsreglur

Lögð var fram til umfjöllunar tillaga að nýjum verklagsreglum við útreikning og úthlutun sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015 sem byggja á eftirfarandi forsendum:

- Lækkun framlaga milli árána 2014 og 2015.
- Fjarlægðum milli sveitarfélaga innan hvers þjónustusvæðis. Byggt er á fjarlægðum frá leiðandi sveitarfélagi til annarra sveitarfélaga á svæðinu þar sem framlög eru veitt vegna þjónustu við fatlaða þjónustunotendur.
- Fjöldu sveitarfélaga innan hvers þjónustusvæðis þar sem veitt eru framlög vegna þjónustu við fatlaða þjónustunotendur.
- Þróun framlaga frá upphafi yfirfærslu 2011.

Áætlun um úthlutun

Með tilvísun til framangreindra forsendna samþykkti meirihluti ráðgjafarnefndarinnar að leggja til að til úthlutunar kæmi sérstakt viðbótarframlag á árinu 2015, samtals að fjárhæð 175,0 m.kr., á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 631/2015. Til greiðslu nú kæmi helmingur framlagsins. Uppgjör færi fram í desember þegar heildarframlög ársins vegna þjónustu við fatlað fólk lægu fyrir.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2016

Mikil áhersla hefur verið á það lögð af hálfu ráðgjafarnefndarinnar að ný reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 lægi fyrir sem allra fyrst svo hægt væri að gefa út tillögu um áætlaða úthlutun framlaga á árinu 2016. Stefnt hefur verið að því að vinnuhópur fulltrúa Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga skili tillögum um breytingar á reglugerðinni um mánaðamótin október/nóvember nk.

Á fundi nefndarinnar nú var farið aftur yfir 33% regluna og hvaða áhrif það hefði að afnema hana. Jafnframt var fjallað um 80/20% regluna.

Á fundinum var rætt um það að fá fulltrúa Sambandsins á næsta fund ráðgjafarnefndarinnar, sem haldinn verður þann 26. október, til að fjalla um mögulegar breytingar á reglugerðinni. Jafnframt óskaði nefndin eftir því að fá skýrslu verkefnisstjórnarinnar um endurmat á faglegum og fjárhagslegum áhrifum yfirfærslunnar til skoðunar fyrir næsta fund nefndarinnar.

Tillaga að nýju heimildarákvæði

Eins og áður hefur komið fram voru á fundi nefndarinnar þann 23. september sl. til umfjöllunar þau atriði sem skoða þyrfti í tengslum við setningu nýrrar reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

Spurst var fyrir um hvort heimilt væri fyrir Jöfnunarsjóð að úthluta framlögum til eflingar velferðartækni í þjónustu við fatlað fólk.

Með tilvísun til þessa var bent á að í reglugerð nr. 351/2003 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla væri til staðar ákvæði í 3. lið 8. gr. reglugerðarinnar undir **Önnur framlög** er heimilaði aðkomu sjóðsins, með greiðslu framlaga til sveitarfélaga og annarra aðila, að einstökum verkefnum, nýsköpun eða þróunarvinnu sem nýtist sveitarfélögum á landsvísu og eru til að bæta skólastarf og rekstur grunnskóla.

Varpað var fram þeirri spurningu hvort kæmi til greina að setja samsvarandi heimildarákvæði í reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk?

Lagt var til að frekari umfjöllun um málið færi fram á næsta fundi nefndarinnar.

FJÁRHAGSVANDI BYGGÐASAMLAGS VESTFJARÐA

Á fundi nefndarinnar þann 23. september sl. fór fram áframhaldandi umfjöllun um fjárhagsvanda Byggðasamlags Vestfjarða. Að tilstuðlan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Verkefnisstjórnar um endurmat á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks framkvæmdu fulltrúar frá R3 - Ráðgjöf úttekt á rekstri byggðasamlagsins. Þeir mættu á fundinn þann 23. september og gerðu grein fyrir þeim þáttum sem einna helst gætu verið orsök rekstrarvanda byggðasamlagsins. Jafnframt gerðu þeir grein fyrir tillögum sínum um mögulega hagræðingu í rekstrinum sem hugsanlega gæti leyst einhvern vanda og væru nú til skoðunar hjá byggðasamlaginu.

Með tilvísun til framangreindrar aðkomu Jöfnunarsjóðs að úttekt á rekstri byggðasamlagsins og úthlutunar á sérstöku viðbótarframlagi að fjárhæð 40,1 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins á árinu umfram tekjur taldi nefndin sig ekki hafa möguleika á frekari aðkomu að rekstrarvanda byggðasamlagsins á árinu að öðru leyti en því að fresta innheimtu á ofgreiddu framlagi til byggðasamlagsins á árinu 2014 um eitt ár. Þannig að skuld á viðskiptareikningi að fjárhæð 29,5 m.kr. kemur til innheimtu í tvennu lagi á árunum 2016 og 2017 í stað áranna 2015 og 2016 eins og ráðgert hafði verið.

SIS MAT FYRIR BÖRN

Samningar við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins – Staða mála

Lagðir voru fram til kynningar tveir verksamningar við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna framkvæmdar á SIS mati. Samningarnir voru samþykktir af ráðgjafarnefndinni og tóku gildi 25. júní sl.

Annars vegar er um að ræða verksamning sem gerður er með tilvísun til 7. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 og eru verklok á grundvelli hans 15. október 2015.

Samningurinn nær til framkvæmdar á SIS mati á fötluðu fólki sem kemur nýtt inn í þjónustuna á árinu 2015 og jafnframt til SIS mats á börnum 6 – 18 ára sem eru í umtalsverðri þjónustu og fá almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2015.

Hins vegar er um að ræða verksamning sem gerður er með tilvísun til 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002 með síðari breytingum og fjallar um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda:

Samningurinn nær til SIS mats á börnum á grunnskólaaldri, sem njóta framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, og eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg og til barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili í Reykjavíkurborg og stunda grunnskólanám í sérskólum og sérdeildum borgarinnar.

Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur hafið vinnu á grundvelli þessa samnings við undirbúning að mati á börnum á aldrinum 6 - 18 ára á Akureyri og þeim börnum á aldrinum 6 - 18 ár sem stunda nám í sérskólum og sérdeildum borgarinnar. Verklok eru áætluð 1. október 2016.

VELFERÐARNEFND ALÞINGIS

Fulltrúar Jöfnunarsjóðs höfðu verið boðaðir á fund nefndarinnar 14. október sl. ásamt fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti til að ræða stöðu yfirfærslunnar á málefnum fatlaðs fólks, fjármögnun hennar og næstu skref.

ÖNNUR MÁL

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Tekin var til umfjöllunar framkvæmd ársfundarins sem var haldinn 23. september sl. Að mati nefndarinnar tókst fundurinn vel. Flutt voru góð erindi er snerta starfsemi sjóðsins en dagskráin var jafnvel helst til of löng. Fundinn sóttu rúmlega 100 manns. Ekki er talin ástæða til að fjölga þeim sem boðaðir er til fundarins. Efnistöð í ársskýrslu sjóðsins taldi nefndin vera í góðu lagi.

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá fundinum sem Guðni Geir Einarsson ritaði.

Stofnframlag – Inneign Seyðisfjarðarkaupstaðar

Á árunum 2004 – 2006 féllu niður stofnframlög sem greidd voru til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa vegna framkvæmda þeirra við skóla, leikskóla o.fl. Í þeim tilfellum þar sem samþykkt kostnaðarþátttaka sjóðsins var til staðar í þeim framkvæmdum, en ekki hafði tekist að ljúka þeim fyrir árið 2006, veitti ráðgjafarnefnd sjóðsins heimild til að geyma eftirstöðvar af kostnaðarþátttöku sjóðsins sem inneign á viðskiptareikningi viðkomandi sveitarfélags hjá sjóðnum.

Seyðisfjarðarkaupstaður

Í bréfi Seyðisfjarðarkaupstaðar, dags. 14. október 2015, sem lagt var fram á fundinum til umfjöllunar og afgreiðslu, kemur m.a. fram að vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins á umliðnum árum hafi ekki tekist að ljúka ráðgerðum framkvæmdum við nýja skólann en framkvæmdir við hann hófust á árinu 1990.

Í bréfinu kemur jafnframt fram að húsnæðismál Seyðisfjarðarskóla séu nú í skipulegri umfjöllun og unnið sé að þarfagreiningu sem ætlað er að verði grundvöllur áætlana um frekari framkvæmdir. Með tilvísun til þessa er óskað eftir að sveitarfélagið fái viðbótarfrest til að skila inn áætlun um mögulegar framkvæmdir við skólann áður en framlag að fjárhæð 10,1 m.kr. verði fellt niður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundinum að leggja til að Seyðisfjarðarkaupstaður fengi viðbótarfrest til ársloka 2017 til að nýta inneign sína hjá sjóðnum til framkvæmda við grunnskólann. Frekari frestur yrði ekki veittur. Gengið er út frá 50% kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdunum og því þarf framkvæmdin að nema a.m.k. 20,2 m.kr. til að allt framlagið nýtist.

Lokað svæði fyrir ráðgjafarnefnd

Alexandra Þórlindsdóttir, skjalavörður í ráðuneytinu, mætti á fundinn og kynnti innra nefndarkerfi til nota fyrir ráðgjafarnefndina.

Næstu fundir

Lagt var til að næstu fundir nefndarinnar yrðu 27. nóvember og 11. desember nk. Fram kom að allar líkur væri á því að bæta þyrfti við fundi í nóvember sem yrði þá fyrri hluta mánaðarins.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:15.

Elín Pálsdóttir